Vilborg Guðmundsdóttir (1922 – 1999), húsfreyja á Akureyri og fjölskylda

2011/55

Vilborg Kristín Guðmundsdóttir fæddist á Akureyri þann 7. október 1922 en lést 29. Apríl 1999. Foreldrar hennar voru hjónin Guðmundur Halldórsson, málari á Akureyri, (f. 27. maí 1889 d. 7. september 1977, frá Hólagerði í Fáskrúðsfirði og Sigurhanna Jónsdóttir f. 12. janúar 1895, d. 5. maí 1931 frá Kristnesi. Vilborg átti einn bróður, Sveinbjörn.

Eftir andlát móður hennar árið 1931, leystist heimilið upp. Sveinbjörn fór til ættingja að Miðgerði og Vilborg fór í fóstur í Laufás við Eyjafjörð. Fósturforeldrar hennar voru Þorvarður G. Þormar (f. 1. febrúar 1896, d. 22. ágúst 1970), sóknarprestur í Laufási og Ólína Marta Jónsdóttir Þormar (f. 1. Mars 1898, d. 19. febrúar 1991). Á Laufási átti hún þrjá uppeldisbræður þá Guttorm, Halldór og Hörð.

Vilborg lærði að mestu heima við en fór svo í barnaskólann á Svalbarðseyri og tók þaðan fullnaðarprófið. Eftir það lá leiðin í húsmæðraskólann á Laugum. Eftir Laugar réði hún sig í vist yfir vetrartímann en veturinn 1943-1944 vann hún sem gangastúlka á sjúkrahúsinu á Akureyri. Þar kynnist hún eiginmanni sínum Guðmundi Jörundssyni(f. 8. September 1918, d. 20. mars 1984), bifreiðastjóra og slökkviliðsmanni á Akureyri. Þau giftu sig á Laufási og fósturfaðir hennar gaf þau saman.

Þau stofnuðu heimili á Akureyri og bjuggu þar alla tíð. Lengst af á Eyrarlandsvegi 17. Þau eignuðust tvo syni og tvær dætur, fyrri dóttir þeirra hjóna lést aðeins þriggja ára gömul. Guðmundur faðir Vilborgar bjó hjá þeim lengst af þar til hann lést haustið 1977. Guðmundur eiginmaður Vilborgar lést eftir baráttu við illvígan sjúkdóm snemma árs 1984. Fósturmóðir hennar Ólína lést árið 1991. Sjálf lést Vilborg eftir langa baráttu við elliglöp.

Vilborg var jarðsungin frá Akureyrarkirkju 11. maí 1999.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
22. maí 2025

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
A-Vilborg Guðmundsdóttir og fjölskylda				
A-Vilborg Guðmundsdóttir og fjölskylda			**1907 - 1976**	
A	1	1	1931 - 1945	Reikningabók með yfirliti yfir kostnað við heimilisrekstur.
A	1	2	1942 - 1959	Reikningabók fyrir Guðmund Halldórsson, málara.
A	1	3	1946 - 1962	„Vinnubók fyrir verkstæðið mitt í bakhúsinu við Brekkugötu 3, tekið á leigu 19. nóvember 1946. Húsaleiga, efniskaup, vinna. -Guðmundur Halldórsson málari - Akureyri."
A	1	4	1917 - 1944	Símskeyti
A	1	5	1907 - 1976	Bréf (1 stk); jólakort; mynd af manni (óþekktur); bólusetningarskírteini; fæðingarvottorð; einkunnaskírteini; prófskírteini; vátryggingaskírteini; afsalsbréf; leyfisbréf